

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 215/1987. **Bursti hf.**

gegn

Sigurði Sigurjónssyni

Hauki Guðmundssyni

Guðmundi B. Haukssyni og

Vigdísi Sigurjónsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bursti hf. er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 203/1985. **Borgarstjórinn í Reykjavík**

f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur

(Ingólfur Hjartarson hdl.)

gegn

Áslaugu Óskarsdóttur

(Guðríður Þorsteinsdóttir hdl.)

Skaðabætur utan samninga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1985. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu að fallið er frá kröfu um að dómvextir leggist við höfuðstól kröfu á tólf mánaða fresti. Stefnda krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 20. nóvember 1986 var henni veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefir verið lagt fram bréf Einars Ragnarssonar tannlæknis, dags. 10. september 1987.

Fyrirsvarsmenn Borgarspítalans höfðu samið við Sigurjón H. Ólafsson tannlækni um að hann sinnti munnhols- og kjálkaaðgerðum fyrir slysadeild hvenær sem væri sólarhrings, jafnt helga daga sem rúmhelga, ef til hans næðist. Er ágreiningslaust að ekki var reynt að leita aðstoðar hans eða ráða. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að lækni þeim, sem gerði að meiðslum stefndu, hafi borið að leita ráða nefnds tannlæknis, eins og atvikum var háttað. Lýsing í sjúkraskrá slysadeildar er ófullkomin, að því er varðar ásigkomulag tanna stefndu. Verður því að leggja til grundvallar, svo sem í héraðsdómi greinir, að tjón stefndu sé að rekja til umræddrar vanrækslu, enda þótt með öllu sé ósannað að tönn hafi verið dregin úr stefndu á slysadeildinni.

Að þessu athuguðu en með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans um fébótaábyrgð áfrýjanda á tjóni stefndu.

Fjárhæð sú sem héraðsdómur dæmdi áfrýjanda til að greiða hefur ekki sætt tölulegum andmælum og verður hún tekin til greina.

Krafa stefndu um viðurkenningu á bótaskyldu áfrýjanda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar er eigi nægilega ákveðin. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa henni sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir að lög um dómvexti nr. 56/1979 hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 25/1987 verður að skilja kröfu stefndu um staðfestingu á dómvaxtaákvæði héraðsdóms svo að hin dæmda fjárhæð beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða 27.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti er renni í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr

ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hennar, Guðríðar Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns, 27.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefndu, Áslaugu Óskarsdóttur, 34.975,00 krónur með 37% ársvöxtum af 4.975,00 krónum frá 10. nóvember 1981 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 26. nóvember 1984 en með hæstu innlánsvöxtum af 34.975,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði 27.000,00 krónur í málkostnað fyrir Hæstarétti er renni í ríkissjóð.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Guðríðar Þorsteinsdóttur héraðsdómslögmanns, 27.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðförlögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1985.

I.

Mál þetta sem dómtekið var hinn 24. júní sl. er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Áslaugu Óskarsdóttur nema, nnr. 0722-9453, Aratúni 24, Garðabæ gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. borgarsjóðs með stefnu útgefinni og birtri 26. nóv. 1984.

Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.975,00 með 37% ársvöxtum frá 10. nóv. 1981 til 31. okt. 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1982 og 45% ársvöxtum af kr. 6.827,00 frá þeim degi til 20. sept. 1983, með 37% ársvöxtum frá

þeim degi til 20. okt. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1983 og 36% ársvöxtum af kr. 9.820,00 frá þeim degi til 20. nóv. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. des. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. jan. 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 90.691,00 með dómvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4.975,00 með 37% ársvöxtum frá 10. nóv. 1981 til 31. okt. 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1982 og 45% ársvöxtum af kr. 6.827,00 frá þeim degi til 20. sept. 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. okt. 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 10. nóv. 1983 og 36% ársvöxtum af kr. 9.820,00 frá þeim degi til 20. nóv. 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. des. 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. jan. 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til stefnudags og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 30.000,00 með dómvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafist viðurkenningar á bótaskyldu stefnda vegna nauðsynlegrar endursmiði tanngervis síðar. Loks er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Áskilinn er réttur til að hækka kröfuna síðar vegna verðlagsbreytinga. Aðalkrafa felur það í sér að krafist er endurgreiðslu á hluta stefnanda í kostnaði vegna smíði á tanngervi kr. 4.975,00. Gerð er krafa um vexti frá því stefnandi greiddi kostnaðinn. Þá er gerð krafa um miskabætur kr. 30.000,00 og greiðslu á kr. 60.691,00 skv. mati á kostnaði vegna endursmiði á tanngervi, sem talið er víst að stefnandi þurfi á að halda síðar.

Varakrafa felur það í sér að í stað kröfu um greiðslu á kr. 60.691,00 vegna endursmiði tanngervis síðar er gerð krafa um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda vegna nauðsynlegrar endursmiði síðar. Gerð er krafa um að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti bæði í aðalkröfu og varakröfu. Um þá kröfu vísast til leiðbeininga Seðlabanka Íslands frá 2. ág. 1984 og laga nr. 56/1979 um dómvexti.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málið var dómtekið 6. júní sl. en endurupptekið 24. júní sl., endurflutt þann dag og dómtekið á ný.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir að stefnandi, sem fædd er 22. des. 1965, hlaut andlitsáverka við fall úr rólu hinn 7. maí 1977, þá 11 ára að aldri, og

för til meðferðar á Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík af þeim sökum. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá kom stefnandi á slysadeildina innan klukkustundar frá því slysið varð. Í sjúkraskránni kemur og fram að stefnandi hafði brotið tvær framtennur alveg úr efri góm og laskað sex í neðri góm. Gert var að sárum stefnanda í munni, sár snyrt og saumað, og henni ráðlagt að leita tannlæknis daginn eftir. Af hálfu vakthafandi læknis á slysadeild tiltekið sinn var ekki leitað álits tannlæknis vegna meiðsla stefnanda.

Er stefnandi kom til meðferðar hjá tannlækni eftir slysið var löngu of seint orðið að reyna ígræðslu tannanna. Hefur Einar Ragnarsson tannlæknir haft stefnanda til meðferðar eftir slysið. Í fyrstu fékk stefnandi plastgóm með tveimur tönnum en síðan postulínsgullbrú í sept. 1981. Kostnaður vegna þeirrar lækni meðferðar stefnanda nam kr. 19.899,00 og var 75% þess kostnaðar endurgreiddur af sjúkrasamlagi skv. heimild Tryggingastofnunar ríkisins. Leitað var eftir því að Tryggingastofnun ríkisins heimiladi fulla endurgreiðslu tannaðgerða stefnanda, en þeirri beiðni var hafnað með vísan til þess að lagaheimild skorti, en málinu vísað til landlæknisembættisins til umfjöllunar. Landlæknir skrifaði Borgarspítalanum tvö bréf vegna máls þessa. Er hið fyrra dagsett 3. febrúar 1983 og hið síðara 8. apríl það ár. Taldi landlæknir, að undangenginni athugun sinni, að stefnanda skyldi bættur skaðinn.

Af hálfu stefnanda var sett fram krafa á hendur Borgarspítalanum um greiðslu bóta. Er sú krafa sett fram með formlegum hætti með bréfi lögmanns stefnanda dags. 29. apríl 1984. Málið var lagt fyrir starfsnefnd Borgarspítalans og síðar lækna ráð Borgarspítalans í maí 1984. Á grundvelli þeirrar umfjöllunar var bótaskyldu Reykjavíkurborgar hafnað með bréfi borgarlögmanns dags. 7. júní 1984.

Mál þetta sem stefnandi hefur höfðað til viðurkenningar bótaskyldu og greiðslu bóta var þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. nóv. sl.

III.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hún hafi komið á slysavardstofuna innan hálfrar klukkustundar eftir slysið og hafi þá önnur þeirra framtanna, sem stefnandi missti, verið hálflaus en hina hafði stefnandi með sér. Viðbrögð læknis hafi verið þau að kippa hálflausu tönninni út og vísa stefnanda til tannlæknis daginn eftir. Eins og fram komi í vottorði Einars Ragnarssonar á dskj. nr. 5 telji hann augljóst að um mistök hafi verið að ræða er ígræðsla var ekki reynd. „Þar sem +1 virðist hafa átt góða, næstum 100%, möguleika og 1+ e.t.v. 70-90% möguleika.“ Í greinargerð Sigurjóns H. Ólafssonar, tannlæknis á Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans (dskj. nr. 14) segi m.a.: „Það er ljóst að hefði sérfræðingur í

mun- og kjálkaskurðlækningum verið kallaður til, tennur verið heilar en úrslegnar, þá hefði ígræðsla verið gerð“ og síðar: „Sé saga foreldra hins vegar rétt þá er sökin stofnunarinnar megin og bæri vitaskuld í því tilfelli að bæta sjúkl. skaðann.“ Þá segi í greinargerð lækna ráðs Borgarspítalans á dskj. nr. 21: „Verði hins vegar sannað að tennurnar hafi fylgt sjúklingnum við komu á slysadeild“ hefði viðkomandi læknir átt að leita álits tannlækna deildarinnar.“ Loks segi í bréfi landlæknis á dskj. nr. 15: „Samkvæmt áliti Einars Ragnarssonar tannlæknis bar lækni að hafa þegar samband við tannlækni slysadeildar. Viðbrögð hans hefðu orðið þau að setja tennur strax á sinn stað. Með tilliti til ungs aldurs eru miklir möguleikar á að tennur hefðu náð að festast. Læknirinn hefur því ekki sýnt nægilega árvekni í starfi. Sýnist mér rétt að stúlkunni verði bættur skaðinn.“ Loks megji benda á að í leiðbeiningum fyrir aðstoðarlækna Slysadeildar Borgarspítalans á dskj. nr. 10 er „sérstaklega brýnt fyrir aðstoðarlæknum að ráðgast við bakvaktarlækni“. Samkvæmt framansögðu sé ljóst að allir sem um málið hafi fjallað séu sammála um að sé frásögn móður stefnanda rétt hafi verið um mistök að ræða og þá beri að bæta stefnanda tjónið.

Eins og fram kom í málavaxtalýsingu í stefnu hafi móðir stefnanda farið með hana á tannlæknastofu Guðmundar Árnasonar daginn eftir slysið, sbr. bréf Guðmundar Árnasonar á dskj. nr. 13. Einar Ragnarsson tannlæknir hafi þá starfað hjá Guðmundi. Einar hafi skoðað stefnanda og hafði hún síðan verið til meðferðar hjá honum. Móðir stefnanda hafi strax skýrt tannlækninum frá málsatvikum, þ.e. að þær hefðu haft lausu tönnina meðferðis og hálflausu tönninni hefði verið kippt úr á slysavarðstofunni. Skráð sé í sjúkraskrá („jornal“) stefnanda (dskj. nr. 3) að önnur tönnin +1 hafi verið dregin úr á slysavarðstofu. Í greinargerð sem Einar Ragnarsson hafi skrifað með umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins (dskj. nr. 12) segi hann að yfirlæknir hafi staðfest þessa frásögn í símtali viku síðar.

Foreldrar stefnanda hafi engar kröfur gert á hendur stefnda fyrr en í ljós hafi komið í byrjun árs 1983 að stefnandi þurfti að bera hluta kostnaðar vegna smíði brúar. Foreldrar stefnanda höfðu engar fyrirætlanir um að gera neinar kröfur vegna þessa atviks og sé því engin ástæða til að ætla að þau hafi ekki skýrt satt og rétt frá öllu. Einnig sé bent á greinargerð Sigurjóns H. Ólafssonar, tannlæknis á Borgarspítala, á dskj. nr. 14 en þar segi m.a.: „Að vel íhuguðu máli er mjög ólíklegt, að foreldrar sjúkl. hefðu nokkurn tímann nefnt úrdrátt á tönn hér á staðnum ef einhver fótur hefði ekki verið fyrir því. Er t.d. hægt að ímynda sér að sú tönn sem enn lafði í munni hafi verið það laus að vakthafandi læknir hafi einungis þurft að fjarlægja hana með pinsettu.“ Björgvin Bjarnason, aðstoðarlæknir sá sem meðhöndlaði stefnanda á slysavarðstofunni, hafi ekki mótmælt frásögn

móður, en segir aðeins í bréfi sínu á dskj. nr. 11: „Þessi vitjun er mér því miður úr minni liðin, enda langt um liðið.“ Hvað varði það sem segi í greinargerð lækna ráðs Borgarspítalans (dskj. nr. 21) um það að viðkomandi aðstoðarlæknir telji „með ólíkindum að hann hafi dregið úr tönnina“ sé bent á fyrrgreinda ábendingu Sigurjóns Ólafssonar um að tönnin kunni að hafa verið svo laus að hægt hafi verið að fjarlægja hana með pinsettu. Loks sé bent á að í bréfi landlæknis á dskj. nr. 8 komi fram að svipað atvik hafi áður gerst á slysadeildinni.

Í greinargerð lækna ráðs Borgarspítalans sé megináhersla lögð á að ekki sé sannað að önnur tönnin hafi verið dregin úr á slysavardstofunni. Af hálfu stefnanda sé bent á að skv. mati tannlæknis hafi möguleikar á að ígræðsla þeirrar tannar, sem var alveg laus, tækist verið 70-90%. Það sé því augljóst að reyna hefði átt ígræðslu jafnvel þótt báðar tennurnar hefðu verið alveg lausar í munni. Hér væri því eftir sem áður um mistök læknis að ræða þar sem sérfræðingur hefði reynt ígræðslu, sbr. greinargerð Sigurjóns Ólafssonar á dskj. nr. 14. Í greinargerð lækna ráðs Borgarspítalans á dskj. nr. 21 segi einnig að ekki komi fram í sjúkraskrá að komið hafi verið með tönnina á slysadeildina. Þeirri frásögn móður stefnanda að hún hafi komið með lausu tönnina með á slysadeildina hafi ekki verið mótmælt, heldur einungis bent á að það hafi ekki verið skráð í sjúkraskrá og viðkomandi læknir muni ekki eftir þessu. Öll atvik bendi til þess að lækninum hafi ekki verið ljóst að rétt væri að reyna ígræðslu, enda hefði þá að sjálf-sögðu verið hans fyrsta verk að spyrja um tennurnar og athuga möguleika á að nálgast þær hefði sjúklingur ekki haft þær meðferðis, jafnframt því að hafa samband við tannlækni Borgarspítalans. Einnig hefði verið eðlilegt að skráð hefði verið í sjúkraskrá að sjúklingur hefði ekki haft með sér tennurnar.

Eins og fram hafi komið séu allir sem fjallað hafi um málið sammála um að hafi stefnandi haft tennurnar með sér hefði átt að reyna ígræðslu og sé þá um mistök að ræða sem stefndi beri ábyrgð á. Frásögn móður stefnanda um að hún hafi haft lausu tönnina meðferðis hafi ekki verið mótmælt, heldur einungis bent á að það sé ekki skráð og viðkomandi læknir muni ekki eftir þessu. Stefnanda og móður hennar sé þessi atburður hins vegar af skiljanlegum ástæðum mjög minnisstæður og þær hafi raunar skýrt tannlækni stefnanda frá honum strax daginn eftir, eins og fram komi í sjúkraskrá á dskj. nr. 3 og greinargerð tannlæknisins á dskj. nr. 5. Ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að þessi frásögn stefnanda og móður hennar sé röng og telur stefnandi því að byggja verði á henni. Hér sé því um að ræða mistök sem varði bótaskyldu samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitenda á tjóni sem starfsmaður hans vinni með saknæmum og ólögætum hætti við framkvæmd starfa síns.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þessum rökum aðallega: Engin grundvöllur sé fyrir málssókn þessari. Tilefni hennar sé koma stefnanda á slysadeild Borgarspítalans 7. maí 1977. Sé allt málið byggt á einni fullyrðingu stefnanda settri fram mörgum árum síðar. Sé hún á þá leið að stefnandi, sem var 11 ára og hafði dottið úr rólu og brotið tvær framtennur, hafi komið með aðra tönnina með sér lausa en hin tönnin hafi enn verið föst í munni stefnanda og verið dregin úr á slysadeildinni. Enga stoð fyrir þessari fullyrðingu sé að finna í gögnum málsins. Í sjúkraskrá slysaeildarinnar segir svo um þetta atvik: „Datt úr rólu. Braut tvær framtennur alveg úr efri góm og laskaði sex í neðri góm. Með nokkur sár á efri vör innanverðri. Meðferð: 1. sut. Ethilon 5/0 í vör. 2. Steristrip í tvö smásár á efri vör. 3. Ráðlagt að hitta tannlækni á morgun. Rp. penicillin.“ Í þessari gagnorðu og greinargóðu lýsingu, sem skráð hafi verið samtímis meðferð, sé ekki minnst á að stefnandi hafi komið með lausa tönn eða tennur með sér hvað þá heldur að önnur tönnin hafi verið dregin úr á slysadeildinni. Sú lýsing í sjúkraskránni að tvær tennur hafi verið brotnar „alveg úr efri góm“ stangist á við fullyrðingu stefnanda. Við bætist að læknir sá er gert hafi að sárum stefnanda hafi vottað, sbr. dskj. nr. 11, að hann „minnst þess ekki að hafa dregið tönn á læknisferli sínum“.

Hér beri allt að sama brunni. Annars vegar sé skýrsla Borgarspítalans skráð samtímis atviki því sem um sé að ræða og hins vegar fullyrðing stefnanda, eða öllu heldur foreldra stefnanda, settar fram mörgum árum seinna þegar þeir fóru að gera fjárkröfur af þessu tilefni. Ekki bæti úr skák að önnur gögn málsins séu ýmist óljós eða byggð á áðurnefndum fullyrðingum foreldra stefnanda. Gott dæmi um það sé dskj. nr. 5 en það sé lagt fram í tveimur mismunandi útgáfum, þótt eitt skjal eigi að teljast. Þar sé beinlínis tekið fram að byggt sé á „sögn foreldra“. Að öðru leyti sé skjal þetta (eða skjöl) ruglingslegt og algjörlega óhæft sem réttarskjal. Megi þar m.a. nefna niðurlag skjalsins sem sé í tveimur útgáfum, báðum óskiljanlegum. Þá sé dskj. nr. 13, vottorð Guðmundar Árnasonar tannlæknis byggt á „framburði foreldra“ sbr. áritun neðst á skjalinu. Sömu sögu sé að segja um bréf landlæknis á dskj. nr. 15. Þar sé byggt á frásögn móður stefnanda og álitni Einars Ragnarssonar tannlæknis sem eins og fyrr segi sé byggt á frásögn foreldra.

Margt annað sé athugavert við málatilbúnað stefnanda. Á slysadeildinni hafi stefnanda verið ráðlagt að leita til tannlæknis daginn eftir slysið. Dómsskjal nr. 5 (báðar útgáfunar) og dskj. nr. 3 beri með sér að þetta hafi stefnandi ekki gert og sé það ekki fyrr en 1. júní, eða rúmum þremur vikum seinna, sem upplýst sé að stefnandi hafi farið til tannlæknis. Raunar sé reynt að klóra yfir þá staðreynd með vottorði Guðmundar Árnasonar á dskj. nr. 13, sem algjörlega sé marklaust þar sem hann hafi ekki fundið

stefnanda í spjaldskrá sinni og byggja á frásögn annarra, eins og áður geti, um það sem hafi gerst 6 árum áður en vottorðið sé gefið. Um þetta atriði, þ.e. að stefnandi hafi leitað til tannlæknis daginn eftir slysið, séu og beinar rangfærslur í greinargerð stefnanda. Þær séu að finna í 2. mgr. á bls. 4 þar sem vitnað sé í dskj. nr. 3 og 5. Í báðum þessum skjölum standi 1. júní en hefði átt að vera 8. maí ef rétt hefði verið með farið.

Auk þess sem ósannað sé með öllu að mistök hafi átt sér stað í meðferð stefnanda á slysadeildinni sé engin vissa fyrir því að tannígræðsla hefði tekist þótt hennar hefði verið kostur og hún reynd. Tannlæknir stefnanda, Einar Ragnarsson, telji möguleikana á því að græða lausa tönna „e.t.v. 70-90%“ sbr. dskj. nr. 5. Jafnvel þótt á álitinu þessu væri byggt sé óvissan um það hvort koma hefði mátt í veg fyrir tjón stefnanda svo mikil að hvergi nærri sé fullnægt almennum skilyrðum skaðabótaréttarins um bótaskyldu. Þá verði að undirstrika að enginn eigi kröfu á því að læknishjálpi, hversu góð sem hún sé, komi í veg fyrir tjón. Sérstaklega hljóti það að eiga við um skyndihjálpi í slysatilfellum, eins og veitt sé á slysadeild Borgarspítalans. Væri það beinlínis til þess fallið að torvelða þá hjálpi og þjónustu sem þar sé veitt, ef ganga ætti svo langt í því að leggja bótaskyldu á þá sem þar vinna eins og kafið sé í þessu máli.

Stefnandi hafi ekki hreyft máli þessu gagnvart stefnda fyrr en hartnað 6 ár hafi verið liðin frá tilefni þess. Hafi þá verið komið nokkuð á annað ár frá því að stefnandi hafi mátt vera ljóst að þetta gamla slys myndi leiða til einhverra útgjalda fyrir hann. Auk almennra lagaáhrifa svo mikils tóm-lætis, liggi í augum uppi að sá sem það sýni hljóti að bera hallann af óvissu og sönnunarskorti sem af því leiði.

Um mál þetta hafi verið fjallað í læknaáði Borgarspítalans svo og sérstakri starfsnefnd lækna sem samkvæmt reglugerð ráðsins hafi verið falið að rannsaka það. Sé niðurstaða starfsnefndarinnar sú, sbr. dskj. nr. 20, að ekkert það sé sannað sem leiða ætti til bótaskyldu stefnda.

Kröfu stefnanda um bætur eða bótaskyldu vegna einhvers óljóss tjóns í framtíðinni sé sérstaklega mótmælt svo og kröfu um miskabætur.

Áskilinn var af hálfu stefnda réttur til að koma að athugasemdum og mótmælum um vaxtakröfu stefnanda síðar ef ástæða þætti til.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu, stefnandi, Áslaug Óskarsdóttir, vitnið Lovísa Einarsdóttir, móðir stefnanda, svo og vitnin Einar Ragnarsson tannlæknir, Björgvin Bjarnason læknir og Haukur Kristjánsson, fyrrverandi yfirlæknir slysadeildar.

IV.

Svo sem fram er komið er á því byggt af hálfu stefnanda í málinu að við komuna á slysadeildina tiltekið sinn hafi báðar framtennurnar verið

til staðar. Hafi önnur hangið laus í munni, en hina tönnina, sem dottið hefði úr í heilu lagi, hefði stefnandi haft meðferðis. Vakthafandi læknir á slysadeild, sem gerði að meiðslum stefnanda, hafi tekið úr lausu tönnina, sem í munninum var.

Af hálfu stefnda hefur framangreindri atvikalýsingu verið mótmælt eindregið og á því byggt að atvik að þessu leyti séu með öllu ósönnuð.

Í sjúkraskrá slysadeildarinnar vegna atviks þessa, sem fyrir liggur og vakthafandi læknir tiltekið sinn hefur staðfest fyrir dómi að hafa skráð, er einungis getið um það, að tvær framtegnur hafi alveg brotnað úr, en ekki á það minnst hvort tennur hafi verið til staðar. Ljóst er að lýsing í sjúkraskrá er ófullkomin um margt og útilokar ekki þann möguleika að stefnandi hafi haft tennurnar meðferðis, svo sem fullyrt er. Þá hefur tannlæknirinn, Einar Ragnarsson, sem hafði stefnanda til meðferðar, skýrt frá því fyrir dómi að sér hafi í upphafi verið skýrt frá málsatvikum á sömu lund og stefnandi heldur fram, sbr. vottorð vitnisins á dskj. nr. 5.

Sé litið til þess að framburður vitnisins Einars Ragnarssonar styður fullyrðingar stefnanda og móður hennar um málsatvik, svo og þess að lýsing í sjúkraskrá útilokar ekki að atvik hafi borið að með þeim hætti, ber að leggja staðhæfingar stefnanda um málsatvik samkvæmt framansögðu til grundvallar við úrlausn málsins.

Í framlögðum leiðbeiningum á dskj. nr. 10 er að finna ítarlegar reglur sem aðstoðarlæknum slysadeildar Borgarspítalans ber að kynna sér. Reglur þessar munu efnislega vera þær sömu og í gildi voru í maí 1977 samkvæmt vætti Hauks Kristjánssonar fyrrverandi yfirlæknis slysadeildar. Í leiðbeiningum þessum er að finna fyrirmæli um að læknar kynni sér rækilega vaktalista deildarinnar og athugi sérstaklega með helgarvaktir. Þá er það sérstaklega brýnt fyrir aðstoðarlæknum að ráðgast við bakvaktarlækni eða í sumum tilfellum við aðrar deildir spítalans ef um vafasöm tilfelli er að ræða. Þá er tekið fram í leiðbeiningum þessum að sérstakrar varkárni sé þörf í sambandi við höfuð m.a. Ennfremur er tekið fram að þeir aðstoðarlæknar, sem ekki hafi enn fengið lækningaleyfi, þurfi að gæta sín sérstaklega vel í viðskiptum sínum við sjúklinga. Nauðsynlegt sé að bóka nákvæmlega í sjúkraskrá allt það er kann að skipta máli varðandi sjúklinginn sem slíkan.

Vakthafandi læknir á slysadeildinni tiltekið sinn hafði ekki fengið lækningaleyfi á þeim tíma er hér um ræðir, en var í starfi sem kandidat. Ljóst þykir að læknirinn hafi ekki gætt sem skyldi greindra fyrirmæla í starfi sínu og ekki kallað til sérfræðing eins og eðlilegt hefði verið í því slysatilfelli sem hér var um að ræða. Á þessum tíma var í gildi ráðningarsamningur við Sigurjón Hannes Ólafsson tannlækni, sem tekið hafði að sér að sinna munnhol- og kjálkaaðgerðum vegna slysatilfella sem til Borgarspítalans

koma. Mátti leita til tannlæknisins hvenær sólarhrings sem var. Verður á því að byggja að vakthafandi lækni hafi verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda hefðu rétt viðbrögð læknisins við greindar aðstæður verið þau að koma tönnum sjúklingsins fyrir í tannholunum og kalla síðan til tannlækni. Hefði þetta verið gert og ígræðsla tannanna þannig reynd innan klukkustundar frá því að slysið varð verði að telja mjög verulegar líkur á því að ígræðsla hefði tekist. Ber því að fallast á þær málsástæður stefnanda að læknum hafi orðið á mistök í starfi sem leiði til bótaskyldu stefnda samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmaður hans er valdur að.

Eins og atvikum máls þessa er háttað þykir mega skýra allan vafa um það hvernig til hefði tekist með ígræðslu tannanna, ef reynd hefði verið, stefnda í óhag, sem ábyrgð ber á þeim mistökum sem urðu samkvæmt framan-sögðu. Ber og að leggja það sjónarmið til grundvallar við úrlausn einstakra kröfuliða málsins, eftir því sem við getur átt.

Ekki verður talið, svo sem mál þetta liggur fyrir, að sá tími sem liðinn var frá slysinu er mál þetta var höfðað eigi að valda stefnanda sérstökum réttarspjöllum.

Verður nú fjallað um einstaka liði kröfugerðar stefnanda.

Ágreiningslaust er að stefnandi hafi orðið að greiða kr. 4.975,00 vegna tannaðgerða og ber að taka þá fjárhæð að fullu til greina.

Miskabótakrafa stefnanda á sér stoð í l. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og ber að taka hana að fullu til greina með kr. 30.000,00 svo sem krafist er.

Kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 60.691,00 sem er áætlunarfjárhæð vegna kostnaðar við endursmíði á tanngervi sem talið er að stefnandi þurfi á að halda síðar, hefur verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda. Telja verður að stefnandi geti þurft á þess háttar tannaðgerð að halda, en þar sem óvíst er nú hvað sú aðgerð muni kosta, ef til kemur, þykir ekki unnt, gegn andmælum stefnda, að taka þann kröfulið aðalkröfu til greina. Hins vegar þykir mega fallast á varakröfu stefnanda í þá veru að viðurkenndur sé réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar.

Vaxtafæti hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og ber því að taka vaxta-kröfugerð stefnanda til greina að því leyti til, en krafa stefnanda um það að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti verður ekki tekin til greina nema að því er varðar tildæmda dómvexti samkvæmt lögum nr. 56/1979, af kr. 34.975,00 frá stefnudegi, 26. nóvember 1984, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 22.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Kristján Ingólfsson og Ólafur Höskuldsson tannlæknar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 34.975,00 með 37% ársvöxtum af kr. 4.975,00 frá 10. nóvember 1981 til 31. október 1982, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 26. nóvember 1984, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979, af kr. 34.975,00 frá þeim degi til greiðsludags. Tildæmdir dómvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 26. nóvember 1984 að telja.

Viðurkenndur er réttur stefnanda til bóta úr hendi stefnda vegna nauðsynlegrar endursmíði tanngervis síðar.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs, greiði stefnanda, Áslaugu Óskarsdóttur, kr. 22.000,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. október 1987.

Nr. 90/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Ólafi Sigurgeiri Hólmi Guðbjartssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.